

nýju, þannig að krafa áfrýjanda öll, kr. 106,46, verði tekin til greina við skiptin sem forgangsskuld samkvæmt framansögðu. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði hinn stefndi, verzlunarstjóri Ó. F. Davíðsson, áfrýjandanum, Árna hjeraðslækni Jónssyni, 30 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. marzmánaðar.

Nr. 49/1895.

Benónía Þiðriksdóttir  
gegn  
Jónasi Pálssyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir lög-  
reglurjetti Árnassýslu 13. marz. f. á. í barnsfad-  
ernislýsingarmáli Benóníu Þiðriksdóttur á hendur  
Jónasi Pálssyni, var dæmt rjett að vera: að svo  
framarlega sem hinn lýsti barnsfadur, Jónas Pálsson,  
ynni eið að því á varnarþingi sínu eptir lög-  
legan undirbúning, að hann hefði ekki haft hold-  
legt samræði við áfrýjanda, Benóníu Þiðriksdóttur,  
á þeim tíma, að hann gæti verið fadur barns þess,  
sem hún ól 19. okt. 1894 og skírt var þuríður,  
þá ætti hann að vera sýkn af kærum hennar og  
kröfum í þessu máli, en treysti hann sjer ekki til  
að vinna svo felldan eið, skyldi hann greiða  
árlegt meðlag með nefndu barni, þar til það  
væri orðið 16 ára gamalt, en háyfirvaldið á-  
kvæði upphæð meðlagsins.

Hinn 19. okt. 1894 ól áfrýjandi meybarn, er skirt var Þuríður; lýsti hún stefnda föður barnsins, en hann hafði verið á Háfafelli, heimili áfrýjanda, frá því um veturnætur 1893 og fram undir þorralok 1894; hann synjaði fyrir faðernið, og þá höfðaði hún mál gegn stefnda, en úrslit þess urðu eins og áður segir. Hefir hún nú áfrýjað þeim dómi til landsyfirdómsins, fengið gjafsókn og sjer skipaðan talsmann, og fer hún fram á það hjer fyrir rjettinum, að henni verði leyft að staðfesta faðernislýsingu sína með eiði. Eptir að dómur var kveðinn upp í hjeraði, voru útvegaðar nokkrar upplýsingar í málinu. Hefir eitt vitni borið, að ástalíf hafi um veturinn, sem stefndi dvaldi á Háfafelli, verið milli hans og áfrýjanda og að þau hafi opt verið ein sjer; að á þeim tíma hafi enginn karlmaður verið á Háfafelli nema húsbóndinn, faðir áfrýjanda, og gestkomandi hafi þar að eins verið eina nótt einn kvongaður maður; hins vegar hefir vitnið ekki sjeð eða vitað til, að stefndi og áfrýjandi hafi haft holdlegt samræði hvort við annað. Karl einn á sjötugsaldri segir áfrýjandi að hafi verið á heimilinu um tíma samtíða stefnda; 2 vitni hafa borið, að þeim virtist barnið líkt Jónasi. Gegn neitun stefnda — sem þó eigi hefir mætt nje látið mæta fyrir yfirdóminum — um að vera faðir barnsins, eru þessar líkur ekki nægar til þess að áfrýjanda verði dæmdur eiðurinn í máli þessu, og verður því að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Vinni stefndi eiðinn, virðist rjett að málskostnaður falli niður, og ber þá að greiða

talsmanni áfrýjanda 10 kr. í málflutningslaun af almannafje. En treysti stefndi sjer ekki til að vinna eiðinn, ber honum að greiða málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal 10 kr. til hins skipaða talsmanns áfrýjanda. Að því leyti málið hefir verið sótt með gjafsókn vottast, að flutningur þess hefir verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað. Vinni hinn stefndi, Jónas Pálsson, synjunareiðinn, fellur málskostnaður niður og hinum skipaða talsmanni áfrýjanda, málaflutningsmanni Eggerti Briem, greiðast 10 kr. í málflutningslaun af almannafje, ella ber stefnda að greiða hann, eins og málið ekki væri sótt með gjafsókn, og þar á meðal 10 kr. sem málflutningslaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. marzmánaðar.

Nr. 37/1895.

Páll Ólafsson  
gegn

Valtý Valtýssyni.

D ó m u r:

Vorið 1893 26. maímánaðar fór fram úttekt á þjóðjörðinni Nesi í Loðmundarfirði úr höndum stefnda til Sveins nokkurs Bjarnasonar, sem við-